



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 14/2024

Ákvörðun um sektir vegna ófullnægjandi verðmerkinga Pílus hársnyrtistofu.

I.

Málsmeðferð

Neytendastofa framkvæmdi skoðun á ástandi verðmerkinga á snyrti- og hársnyrtistofum á höfuðborgarsvæðinu. Kom starfsmaður Neytendastofu þ.á.m. í hársnyrtistofuna Pílus í Þverholti, sem rekin er af Pílus ehf., þann 11. janúar 2024. Í skoðuninni voru verðmerkingar skoðaðar með tilliti til ákvæða 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sem kveður á um það að fyrirtækjum sem selja vörur eða þjónustu beri að verðmerkja vöru sína og þjónustu og sýna það á áberandi hátt á sölustaðnum, sem og ákvæða reglna nr. 536/2011, um verðmerkingar og einingarverð við sölu á vörum og reglna nr. 537/2011, um verðupplýsingar við sölu á þjónustu. Samkvæmt reglunum ber fyrirtækjum að verðmerkja vöru með réttu söluverði þar sem hún er höfð til sýnis neytendum og hafa verðskrá fyrir framboðna þjónustu sýnilega. Skoðun starfsmanns Neytendastofu leiddi í ljós að verðmerking á söluvörum var viðunandi en verðskrá fyrir framboðna þjónustu hafi ekki verið sýnileg.

Starfsmaður hársnyrtistofunnar kvittaði fyrir komu starfsmanns Neytendastofu og þeim athugasemdum sem gerðar voru við ástand verðmerkinga. Í lok skoðunarinnar skildi starfsmaður Neytendastofu eftir bréf í hársnyrtistofunni þess efnis að skoðunin hefði farið fram og að Neytendastofa myndi senda félaginu bréf þar sem gerð yrði nánari grein fyrir ástandi verðmerkinga.

Með bréfi Neytendastofu til félagsins, dags. 14. febrúar 2024, greindi stofnunin félaginu frá niðurstöðum skoðunarinnar og gerði grein fyrir þeim ákvæðum sem í gildi eru um verðmerkingar. Þá var þeim eindregnu fyrirmælum beint til félagsins að koma verðmerkingum í betra horf. Í bréfinu kom fram að könnun stofnunarinnar yrði fylgt eftir með nýrri könnun og mætti félagið búast við því að tekin yrði ákvörðun um sektir, samkvæmt IX. kafla laga nr. 57/2005, yrði ekki farið að fyrirmælum stofnunarinnar um að koma verðmerkingum í rétt horf.



Þann 22. mars 2024, var ástand verðmerkinga aftur skoðað í hársnyrtistofunni. Skoðunin leiddi í ljós að verðmerking á vörum var ábótavant og að verðskrá fyrir framboðna þjónustu var ekki sýnileg.

Með bréfi Neytendastofu til Pílus ehf., dags. 27. maí 2024, var félaginu tilkynnt um framangreindar athugasemdir og gefinn tveggja vikna frestur til að koma að skýringum eða athugasemdum í málinu áður en tekin yrði ákvörðun um sektir á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005.

Engin svör bárust stofnuninni vegna málsins.

II.

Niðurstaða

Í máli þessu hefur Pílus ehf. ekki sinnt fyrirmælum Neytendastofu um að koma verðmerkingum í hársnyrtistofunni Pílus í Þverholti í viðunandi horf innan tilskilins frests.

Ákvæði 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er svohljóðandi:

„Fyrirtæki, sem selur vörur eða þjónustu til neytenda, skal merkja vöru sína og þjónustu með verði eða sýna það á svo áberandi hátt á sölustaðnum að auðvelt sé fyrir neytendur að sjá það. Neytendastofa getur sett nánari ákvæði um verðmerkingar með opinberri tilkynningu.“

Samkvæmt ákvæðinu ber söluaðilum ávallt að gefa upp verð á vörum og þjónustu. Á grundvelli heimildar ákvæðisins, sem og ákvæðis 18. gr. sömu laga, sem snýr að heimild Neytendastofu til að gefa fyrirtækjum sérstök fyrirmæli um að gera ráðstafanir til að auðvelda viðskiptavinum að meta verð og gæði, hefur Neytendastofa sett reglur nr. 536/2011, um verðmerkingar og einingarverð við sölu á vörum og 537/2011, um verðupplýsingar við sölu á þjónustu.

Um verðmerkingar á vörum segir í 1. og 2. mgr. 3. gr. reglna nr. 536/2011:

„Fyrirtæki skal skýrt og greinilega merkja vöru sína með réttu söluverði og einingarverði í íslenskum krónum.“

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er þó heimilt að veita sömu upplýsingar nálægt vöru enda sé augljóst til hvaða vöru verðmerkingin vísar og tryggt sé að neytendur fái án vandkvæða aðgang að upplýsingum um sölu- og einingarverð sem skylt er að veita samkvæmt reglum þessum, sbr. 4. gr.“



Samkvæmt ákvæðunum ber hársnyrtistofunni að verðmerkja allar söluvörur sínar með réttu söluverði. Á fyrirtækjum hvílir afdráttarlaus skylda til að hafa söluvörur ávallt verðmerktar.

Þá segir um verðmerkingu á þjónustu í 1. mgr. 4. gr. reglna nr. 537/2011:

„Verðskrá yfir alla framboðna þjónustu skal ávallt vera birt með áberandi hætti þar sem þjónustan er veitt. Skal verðskráin vera skýr, aðgengileg og greinileg þannig að augljóst sé hvaða þjónustu verðmerkingin á við.“

Samkvæmt ákvæðinu ber hársnyrtistofunni að hafa sýnilegan og aðgengilegan verðlista yfir framboðna þjónustu fyrir neytendur á sölustað.

Í máli þessu voru niðurstöður síðari skoðunar í hársnyrtistofunni að verðlisti fyrir framboðna þjónustu var ekki sýnilegur og að verðmerkingar á söluvörum hafi verið ábótavant.

Eftir fyrri skoðun var félaginu gerð grein fyrir ástandi verðmerkinga í hársnyrtistofunni og viðeigandi reglum sem gilda um verðmerkingar og beindi Neytendastofa þeim fyrirmælum til félagsins að koma verðmerkingum í viðunandi horf. Það var ekki gert innan tilskilins frests og því telur Neytendastofa nauðsynlegt að beita þeim úrræðum sem lög nr. 57/2005 heimila.

Ákvæði 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005 segir:

„Neytendastofa getur lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn:

[...]

b. stjórnvaldsreglum og ákvörðun Neytendastofu gegn viðskiptaháttum sem brjóta í bága við ákvæði II.-VIII. kafla [...]

c. reglum og fyrirmælum Neytendastofu um ráðstafanir til að auðvelda viðskiptavinum að meta verð og gæði, sbr. 18. gr.“

Með vísan til alls framangreinds, sem og að teknu tilliti til meðalhófsreglu og jafnræðisreglu stjórnsýslulaga, og með hliðsjón af sektarákvörðunum í sambærilegum málum þykir Neytendastofu hæfilegt að leggja á Pílus ehf. stjórnvaldssekt að fjárhæð 100.000 kr. (hundrað þúsund krónur). Sektina skal greiða í ríkissjóð eigi síðar en þremur mánuðum frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.



III.

Ákvörðunarorð:

„Pílus ehf., Þverholti 2, 270 Mosfellsbæ, hefur brotið gegn ákvæði 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sem og ákvæði 3. gr. reglna nr. 536/2011, um verðmerkingar og einingarverð við sölu á vöru, með óviðunandi verðmerkingum og ákvæði 4. gr. reglna nr. 537/2011, um verðupplýsingar við sölu á þjónustu með því að hafa ekki sýnilegan verðlista yfir framboðna þjónustu í hársnyrtistofu Pílus í Þverholti.

Með heimild í b. og c. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, leggur Neytendastofa stjórnvaldssekt á Pílus ehf. að fjárhæð kr. 100.000 (hundrað þúsund krónur). Sektina skal greiða í ríkissjóð eigi síðar en þremur mánuðum frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.“

Neytendastofa, 18. júní 2024

Þórunn Anna Árnadóttir
forstjóri

Matthildur Sveinsdóttir